

Norðurland eystra, 6. september 2022

Efni: Umsögn um áform um breytingu á lögum um dómstóla (sameining héraðsdómstólanna)

Hér fyrir neðan má finna umsögn stjórnar SSNE um áform um breytingu á lögum um dómstóla.

Stjórn SSNE telur margt jákvætt sem fram kemur í áformum um breytingu á lögum um dómstóla (sameining héraðsdómstólanna). Þannig getur verið jákvætt að taka sameiginlega þætti miðlægt en á sama tíma auka sérhæfingu, eins og mögulegt er, og efla og styrkja ólíkar starfsstöðvar.

Sérstakt fagnaðarefni er að staðsetja eigi stofnunina utan höfuðborgarsvæðisins. Stjórn SSNE vill benda á að á Norðurlandi eystra er góð reynsla af uppbyggingu opinberrar starfsemi og því tilvalið að horfa til landshlutans þegar aðsetur þessa nýja embættis verður ákveðið.

Stjórn SSNE leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að þessar breytingar verði ekki til fækkunar verðmætra og eftirsóknarverðra starfa utan höfuðborgarsvæðisins. Það að hafa starfsstöðvar héraðsdómstóla víðsvegar um landið tryggir jafnframt að þar starfi lögmenntaðir einstaklingar sem skiptir máli fyrir byggðir landsins. Það er mikilvægt að héraðsdómstólunum verði ekki fækkað við þessar breytingar, enda mikilvægt réttindamál borgara landsins að þurfa ekki að ferðast um óþarflega langa leið til að verja sig fyrir dómi eða sækja rétt sinn eftir því sem við á. Stjórn leggur því til að í frumvarpinu verði samhliða fest í lög staðsetning hvorrar starfsstöðvar.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri.